

Kosning um sameiningu SV, TFÍ og VFÍ

Eins og áður hefur komið fram hafa hugmyndir um að sameina SV, TFÍ og VFÍ verið til skoðunar og umfjöllunar hjá félögunum þremur á undanförunum tveimur og hálfu ári. Stýrihópurur sem skipaður hefur verið formönnum og varaformönnum félaganna hefur leitt starfið. Nú á haustmánuðum 2005 lagði stýrihópurinn fram tillögur um uppbyggingu og stefnumótun nýs sameiginlegs félags sem byggðar eru m.a. á niðurstöðum þeirra tveggja nefnda sem störfuðu fyrir hópinn. Gert er ráð fyrir einu félagi, VFÍ, sem verði öflugur málsvari fyrir bæði verkfræðinga og tæknifræðinga og sem gæti hagsmuna félagsmanna í hvívetna og standi vörð um réttindi þeirra og gæði menntunar. Auk þess að innan félagsins fari fram öflug og lifandi starfsemi mun félagið stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félagsmanna.

Sameiginlegur kynningarfundur var haldinn 9. nóvember sl. og einnig hefur átt sér stað önnur ítarleg kynning af hálfu stýrihópsins á málinu m.a. í Verktækni. Nú hefur verið ákveðið að í janúar 2006 fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla hjá öllum félögunum samtímis um tillögur meirihluta stjórnar félaganna um nýtt félag, stefnumótun þess og lagaramma. Mikil og ötul vinna er að baki við undirbúninginn og ber að þakka þeim fjölmörgu sem lagt hafa á sig óeigingjarnt starf í þágu félaganna til að hægt verði að ganga til atkvæðagreiðslu á lýðræðislegan hátt. Verði tilskilinn meirihluti félagsmanna samþykkur tillögunum verður unnið að því á árinu 2006 að útfæra tillögurnar með það að markmiði að hið nýja félag verði formlega stofnað haustið 2006 og taki til starfa í ársbyrjun 2007. Í dag eru liðlega 1100 félagar í VFÍ en ef af sameiningunni verður má gera ráð fyrir að félagmenn geti orðið 2500 til 3000 í hinu nýja og endurskipulagða VFÍ sem þá verður félag tæknifræðinga jafnt sem verkfræðinga.

Við undirrituð skorum á alla félagsmenn í SV, TFÍ og VFÍ að veita brautargengi þessu mikilvæga hagsmunamáli sem við teljum að muni verða til hagsbóta fyrir félagsmenn í öllum félögunum.

Stýrihópurinn í desember 2005,

Sveinbjörg Sveinsdóttir, formaður SV

Jóhanna Harpa Árnadóttir, varaformaður SV

Einar H. Jónsson, formaður TFÍ

Berþór Þormóðsson, varaformaður TFÍ

Steinar Friðgeirsson, formaður VFÍ

Björn Karlsson, varaformaður VFÍ

Athugið að á vefsíðum félaganna eru birtar upplýsingar um rök með og á móti sameiningu félaganna.